# Inngangur

Á þeim síðum sem hér fylgja verður gerð grein fyrir helstu skráningarþáttum í sauðfjárkerfinu Fjarvis.is sem er nýr skýrsluhaldsgrunnur sauðfjárræktarinnar í landinu.

Þetta nýja kerfi sem er skýrsluhaldsgrunnur á netinu byggir í meginatriðum á því að gagnafærsla í skýrsluhaldsgrunninn verður öll í höndum einstakra fjáreigenda. Markmið skýrsluhaldsins er að sjálfsögðu að vera grunnur upplýsinga um ætterni og afurðir fjárins. Þar á fjárbóndinn að geta sótt margháttaðar upplýsingar um fjárbúið og einstaka gripi þess á hverjum tíma. Um leið eru þessar upplýsingar grunnur fyrir útreikninga á kynbótamati einstakra gripa fyrir fjölmarga eiginleika. Ásæða er til að leggja mikla áherslu á þann grundvöll allra útreikninga og úrvinnslu á stórum gagnasöfnum að niðurstöðurnar sem þaðan fást geta aldrei orðið betri en upplýsingarnar sem byggt er á. Þess vegna er rétt og vönduð færsla á upplýsingum ætíð lykilatriði.

Í upphafi er einnig rétt að benda á að færsla upplýsinga í skýrsluhaldsgrunn sem þennan er frábrugðin því sem tíðkast hefur hjá þeim sem áður færðu upplýsingar í fjárbækur fjárræktarfélaganna. Hér er byggt á því að færa einstaka atburði eins og fang, sauðburðarupplýsingar að vori og þunga og sláturupplýsingar að hausti sem aðgreinda verkliði.

Grunnregla er einnig að atburði verður að færa í réttri tímaröð vegna þess að forritið er þér leiðbeinandi um margar færslur á grunni þeirra upplýsinga sem það þegar hefur og tryggir á þann hátt sem réttasta gagnaskráningu.

Til að tryggja sem best verklag við skráningu er rétt áður en byrjað er að reyna að fá yfirlit um vinnulag forritsins. Þar eiga þessar leiðbeiningar einnig að geta komið að gagni við að skoða einstaka verkliði út frá lýsingum þessa texta og fá þannig yfirlit um hvernig best er staðið að vinnu við skráningu upplýsinga.

# Opna Fjárvís.is

Til að fara á Fjárvís.is þá er valin slóðin http://www.fjarvis.is

Þar er beðið um notendanafn og lykilorð. Sami notandaaðgangur er að bufe.is (Mark) og fjarvis.is. Athugið að greinarmunur er gerður á litlum og stórum stöfum.



# Forsíða

Eftir innskráningu opnast forsíðan. Á forsíðunni birtast fréttir og tilkynningar frá umsjónarmönnum og ráðunautum. Þar kemur einnig fram hvort notandi eigi óstaðfestar sláturupplýsingar sem borist hafa frá sláturhúsunum og óstaðfest kaup á gripum.




# Nánar um bú




Nánar um bú síðan sýnir grunn upplýsingar býlisins og fjárræktarfélag. Þar er einnig umráðamaður búsins og hver er skráður fyrir skýrsluhaldinu á bænum

## Hjarðyfirlit

Þetta er yfirlitssíða yfir fjölda gripa sem eru skráðir lifandi á búinu. Yfirlit yfir það hversu margar ær eru einlembdar, tvílembdar o.s.frv.

Rétt er í byrjun að yfirfara þessar upplýsingar og reynist vera frávik frá þeim bústofni sem er á búinu þarf að byrja á að tryggja að grunnurinn sé þar réttur.

Hjá allmörgum sem hafa byggt á skráningu fjárbókar hefur skráning á förgun eða afföllum ánna verið full laus í reipunum og þar geta dauðar ær því enn verið á skrá og þarf að byrja á því að skrá afdrif þeirra.




## Skýrslur

Þessi síða sýnir skýrslur sem aðgengilegar eru á búinu.



# Fjárleitir

Fjárleitin þjónar margs konar tilgangi í Fjárvís.is. Hér er hægt að leita að gripum í hjörðinni út frá mörgum forsendum. T.d. ákveðnu fæðingarári, ákv. afdrifi, lit o.s.frv. Þeim mun fleiri þættir sem eru valdir þeim mun færri gripir koma í leitirnar.

Fjárleitina er því gott að nota til að leita uppi rangfærslur, t.d. ef Hjarðyfirlitið gefur ranglega upp fjölda gripa. Þá er hægt að einangra leitina við árganga, velja að kyn sé ær og að gripurinn sé lifandi. Þá birtist listi yfir lifandi ær í hverjum árgangi.

Listinn er þannig útbúinn að hægt er að raða eftir hverjum dálki fyrir sig. Það er gert þannig að smellt er á fyrirsögn hvers dálks. Ef smellt er á fyrirsögnina einu sinni þá birtist listinn þannig að hæsta gildið verður efst. Ef smellt er á fyrirsögnina aftur þá snýst listinn við og lægsta gildið verður efst. Þessir möguleikar eru í öllum yfirlitum í kerfinu.

Ef smellt er á gripanúmer og nafn í lista þá opnast síða þar sem hægt er að sjá nánari upplýsingar um gripinn. Einnig er hægt að velja æviferilsskýrslu griparins, ættartré, breyta upplýsingum um hann og eyða upplýsingum út úr kerfinu. Þá er hægt að prenta listann og opna listann í Excel og vinna enn frekar með hann þar.

Þessir möguleikar eru einnig í öllum öðrum yfirlitum í kerfinu þar sem það á við.




| Gripur | Faðir | Móðir | Afdrif sem lamb | Litur |
|---|---|---|---|---|
| 04-428 | 03-128 Poki | 02-202 | Lamb sett á | 30 |
| 04-531 | 00-909 Spakur | 97-451 | Lamb sett á | 30 |
| 06-195 | 05-254 Óðinn | 01-990 | Lamb sett á | 30 |
| 06-240 | 05-172 Bruni | 03-310 | Lamb sett á | 30 |
| 06-241 | 05-172 Bruni | 03-310 | Lamb sett á | 30 |
| 06-257 | 05-174 Bloti | 05-051 | Lamb sett á | 30 |
| 06-271 | 05-538 Sorti | 99-710 | Lamb sett á | 30 |
| 06-272 | 05-538 Sorti | 99-710 | Lamb sett á | 30 |
| 06-286 | 05-181 Spólur | 01-977 | Lamb sett á | 30 |
| 06-289 | 05-181 Spólur | 04-451 | Lamb sett á | 30 |
| 07-553 | 05-538 Sorti | 02-202 | Lamb sett á | 30 |
| 07-554 | 05-538 Sorti | 04-432 | Lamb sett á | 30 |
| 07-556 | 05-538 Sorti | 04-522 | Lamb sett á | 30 |
| 07-564 | 06-994 Bifur | 03-296 | Lamb sett á | 30 |
| 07-624 | 06-194 Rökkvi | 02-230 | Lamb sett á | 30 |




Þegar gripur er valinn í fjárleitinni, þ.e. með því að smella á númerið og nafnið þá kemur upp síða "Nánar um grip". Hægt er að fá upp sömu síðu með föður og móður með því að velja þau. Hér má m.a. sjá einstaklingsnúmer griparins. Héðan er hægt að fara í að breyta upplýsingum um gripinn.

## Gera fjárfélagshrút að heimahrút







Hrútar hafa fram að þessu aldrei verið skráðir á bú heldur bara á fjárfélag. Breyting verður á þessu með tilkomu þessa kerfis, þ.e. hrútur verður skráður á heimabú en jafnframt í viðkomandi fjárfélag. Í gegnum þessa síðu er hægt að tengja fjárfélagshrút við heimabú. Þá verður að leita eftir fjárfélagshrútum og velja einhvern heimahrút úr þeim lista.

# Stofnskráning

Hér eru gripir stofnskráðir sem ekki eru fyrir í skýrsluhaldsgrunninum. Ásetningslömbin eru þó skráð annars staðar (“Skrá afdrif lamba”). Sé um kaup á gripum að ræða þá eru upplýsingar fyrir slíka gripi sóttar með sérstökum verklið “Kaup á gripum”.

Þegar gripur er stofnskráður þá þarf að gefa honum þriggja stafa gripanúmer og fæðingardagsetningu (fæðingarár er nóg og ef það er ekki þekkt þá að velja 19xx ). Athugið að einungis einn gripur getur haft sama fæðingarár og gripanúmer innan búsins.

Þegar móðir og faðir eru skráð þá er gerð krafa um að þeir gripir séu til í skýrsluhaldsgrunninum fyrir og því þarf að velja þá gripi úr lista (“leita”). Ef hvorki faðir né móðir er til í kerfinu þá þarf að byrja á að stofnskrá þau. Þess vegna þarf að byrja á að skrá elstu gripina sé ætlunin að stofnskrá gripi aftur í tímann.

Hægt er að skrá ýmis auðkenni griparins s.s hornalag, liti og litareinkenni. Neðst á síðunni birtast jafnóðum og skráð er, síðustu skráningarnar og þar er hægt að velja að eyða færslunni út eða að breyta henni.

Ef valið er að breyta í fjárleitinni þá kemur upp þessi sama síða (Stofnskráning) nema hvað þá heitir hún “Breyta upplýsingum um grip”. Þar er m.a. hægt að gefa gripnum nafn breyta upplýsingum um hornalag, lit o.s.frv. **Þar er einnig hægt að skrá afdrif griparins t.d. ef gripurinn er sannanlega dauður en lifandi samkvæmt kerfinu þá er hægt að afgreiða hann þarna. Á sama stað er hægt að lífga gripi við í kerfinu.**




# Eyðing einstaklinga út úr Fjárvís.is

Eyðing gripa í Fjárvís.is er og á að vera óaðgengileg. Aðeins er mögulegt að eyða grip út úr kerfinu ef engar færslur eru skráðar á hann eða tengjast honum. T.a.m. fang, vigtun, afkvæmi o.s.frv. Forsendan fyrir því að eyða grip er þ.a.l. sú að eyða fangi móðurinnar. Ef gripir eru sannanlega dauðir en það þarf að drepa þá í kerfinu þá skal það gert í gegnum “skrá slátrun” eða í “breyta upplýsingum um grip” (sjá feitletraðar leiðbeiningar hér rétt fyrir ofan).

# Vorskráning – voruppgjör

Í Fjárvís.is er gert ráð fyrir að skýrsluhaldið sé gert upp tvisvar sinnum á hverju framleiðsluári, voruppgjör og síðan haustuppgjör. Til að standast voruppgjör þarf að gera grein fyrir afdrifum fangs og burðar allra áa búsins.

## Fangskráning

Á fangskráningarsíðunni birtast í lista allar þær ær sem ekki hafa skráð fang á opnu framleiðsluári. Bæði er hægt að velja þá gripi sem á að skrá fang á með því að skrifa númerið í viðkomandi reit eða velja grip úr lista. Ef fleiri en einn gripur er valinn úr listanum í einu þá er vinstri músarhnappnum haldið niðri meðan músinni er rennt yfir gripanúmerin og ef gripirnir eru ekki í þeirri röð sem á að velja, þá er hægt að halda niðri Ctrl takkanum og velja síðan með músinni gripi, hvaðan sem er úr listanum.




Ef gripanúmerin eru skrifuð inn í reitinn þá er næst smellt á enter og þá færist gripurinn yfir í dálkinn hægra megin. Ef gripirnir eru valdir með því að velja þá úr listanum þá þarf að smella á örina sem vísar til hægri svo þeir færist yfir í hinn dálkinn og síðan á örina sem vísar til vinstri ef þeir eiga ekki að vera valdir. Ef hrúturinn er þekktur þá þarf að skrá hann beint eða velja hann úr lista. Athugið að ef ekki er skráð fangdagsetning skal skrá framleiðsluár fangsins (fang í desember skal skrá á n.k. almanaksár). Aðeins er hægt að skrá fang á opið framleiðsluár.

Þegar þetta er búið er valið að Skrá. Ef þessi skráning er gerð eftir burð þá er hægt að skrá burðinn í beinu framhaldi. Þá er valið “Skrá>>Skrá burð”.

Hægt er að velja gripi sem ekki var haldið og merkja við, Ánni ekki haldið og síðan að velja “Skrá”. Þessi skráning á við um gemlinga sem ekki er haldið.

Síðustu skráningarnar birtast alltaf neðst á síðunni. Þar er hægt að velja að breyta ef skráningin mistókst.

Misjafnt er hvaða vinnulag hentar hverjum og einum. Ef bæði hrútur og fangdagsetning er þekkt þá eru fáir eða einn gripur skráður í einu. Þegar um sæðingar er að ræða þá er hægt að skrá allar ærnar sem voru sæddar samdægurs í einu. Algengt er að engin fangdagsetning sé skráð á ærnar. Þá er hentugast að velja allar þær ær í einu sem fengu hjá sama hrútnum og færa þær yfir í boxið, velja hrútinn og skrá framleiðsluárið og velja síðan að skrá. Ef hrútur er ekki þekktur þá má sleppa því að skrá hann. Velja þá allar ær sem fengu hjá hrút skrá framleiðsluárið og velja “skrá”.

Ef ekki er skráð samtímis fang og burðarupplýsingar er eðlilegt að búið sé að tæma listann um ær með óskráð fang áður en kemur að burðarskráningu.

# Burðarskráning

Burðarskráningin er á tveimur síðum. Á fyrri síðunni er gripurinn valinn úr lista yfir allar ær sem búið er að skrá fang á. Síðan er skráð burðardagsetning, fjöldi lamba og afdrif fangsins og ef til vill athugasemdir. Þegar smellt er á “Áfram”, þá er farið yfir á næstu síðu þar sem frekari upplýsingar um lömbin eru skráð.




Ef fangdagsetning var skráð þá birtist sjálfkrafa dagsetning í burðarskráningunni sem er 143 dögum síðar. Ef sú dagsetning er ekki rétt og það þarf að skrá dagsetninguna þá gefur kerfið viðvörun ef ærin er skráð gengin með meira eða minna en 10 dögum frá 143 dögum.

Afdrif fangs getur verið: Ærin lét, Ærin geld og Ærin drapst fyrir burð. Hægt er að skrá athugasemdir í textabox. Ef ærin er óborin við voruppgjör eða að hún slapp og burður er ekki þekktur þá þarf að fara í atburðaskráninguna og velja “óborin við voruppgjör”. Þannig er hægt að gera fullnægjandi grein fyrir vorupplýsingum ánna fyrir voruppgjör.




Á seinni burðarskráningar-síðunni birtast skráningar-gluggar í samræmi við hversu mörg lömb voru valin á fyrri síðunni.

Skrá þarf lambanúmer og kyn. Einnig er hægt að skrá lit, afdrif (fæddist dautt eða drapst í fæðingu) og síðan valfrjálsan athugasemdatexta. Þegar valið er í afdrifum lambsins þá verður lambið sjálfkrafa númer 999L. Ef vilji er fyrir því að lambið haldi númeri í númeraröð þá þarf að skrá lambanúmerið inn aftur.

Þá er hægt að skrá atburðinn “vanið undir aðra á” Ef um aðra atburði er að ræða s.s fætt vanskapað, fékk stíuskjögur o.s.frv., þarf að fara í “skrá atburð” á vinstri stiku.

Fósturmóður er hægt að skrá á þessari síðu ef valið er að “venja lambið undir”, en einnig er hægt að skrá fósturmóður eftirá útfrá vinstri stiku, “skrá fósturmóður”.

Efst til hægri er hægt að skrá atburðinn “burðarerfiðleikar” á móður en það er einnig hægt að gera úr frá vinstri stiku með því að velja “skrá atburð”

Þegar valið er að skrá, þá færast lömbin inn í grunninn og síðan opnast aftur á fyrri burðarskráningarsíðunni.

Líklegt er að vinnuferli við skráningu á burðarupplýsingum falli í annan af tveimur meginflokkum. Upplýsingar eru skráðar jafnóðum og ær bera á sauðburði og
upplýsingar eru skráðar þegar sauðburður er afstaðinn eftir handskráðum vinnubókum (sauðburðarbókum). Ljóst er að handhægast er að vinna slíka skráningu ef vinnulistinn er í ærnúmeraröð. Einnig er líklegt að margir séu með slíka skráningu eftir númeraröð lambanna en þá þarf alltaf að slá inn númer eða leita að númeri móður í lista á fyrri burðarskráningarsíðunni.




## Skrá þunga og atburð

Rétt er að vekja athygli á því að fjárvís.is gerir ráð fyrir því að skráningin sé gerð í þeirri tímaröð sem atburðirnir gerast. Ef fullorðnar ær eru vigtaðar yfir veturinn þá er eðlilegast að skrá það áður en voruppgjöri er skilað. Einnig ef einhverjir atburðir hafa átt sér stað hjá lömbum, ám eða hrútum. Nánari lýsing á því hvernig þungi og atburður er skráður er síðar í heftinu.

## Skil að vori

Þegar gerð hefur verið grein fyrir öllum afdrifum fangs og burðar áa búsins þá er farið í skil að vori. Þar birtist listi yfir þær ær sem ekki er búið að gera grein fyrir. Ef búið er að gera grein fyrir öllum ánum þá er boðið uppá að skila skýrsluhaldinu til uppgjörs. Þegar það hefur verið valið fer af stað keyrsla og útbúin skýrsla fyrir voruppgjörið. Lambabókin verður útbúin og send til viðkomandi. Þegar búið er að skila að voruppgjöri þá er hægt að fara að skrá haustupplýsingarnar.




## Haustskráning – haustuppgjör

Í Fjárvís.is er gert ráð fyrir að skýrsluhaldið sé gert upp tvisvar sinnum á hverju framleiðsluári, voruppgjör og síðan haustuppgjör. Til að standast haustuppgjör þarf að gera grein fyrir afdrifum allra lambanna.

# Skráning á sláturupplýsingum

Sláturupplýsingar úr sláturhúsunum eiga að koma inn í fjarvis.is jafnóðum og slátrað er. Ef að einhver sláturgögn eru komin inn frá sláturhúsi þá birtist meldingin "staðfesta sláturupplýsingar" á forsíðu Fjárvís.is. Þegar það er valið birtist síðan, "Leiðrétting á sláturupplýsingum frá sláturhúsi". Enn hafa gögnin ekki verið lesin ofaní gagnagrunnin heldur bíða þau staðfestingar bóndans um að þau séu rétt.

Slátranir með mismunandi dagsetningum birtast í einum lista. Sé ein slátrun valin birtast sláturgögnin í lista þar fyrir neðan. Athugið að SD fyrir aftan sláturdagsetninguna þýðir "slátrun dilkar" en SF þýðir "slátrun fullorðið".




**Mjög mikilvægt er að yfirfara gögnin vel áður en þau eru "lesin inn í gagnagrunn"** því það getur verið mikið mál að leiðrétta gögnin þar. Eftir að gögnin hafa verið lesin inn þarf að leiðrétta hverja skráningu fyrir sig. Hægt er að taka skrána út í excel og prenta hana út þar. Það getur verið til þæginda þegar fyrirliggjandi gögn bónda og þessi eru borin saman. Kerfið sinnir viðvörunum upp að ákveðnu marki. Ef einstaklingsmerkið þ.e. gripa-númerið/lambanúmerið, finnst ekki í grunninum þá er ekki hægt að skrá inn sláturupplýsingarnar fyrr en rétt einstaklingsmerki hefur verið slegið inn og leiðrétt. Ef sama einstaklingsnúmerið kemur fyrir tvisvar þá kemur ábending um það. Ef að lífþungi sláturgripanna er til í kerfinu og vigtunin er minna en 15 daga gömul þegar lambinu er slátrað þá kemur kerfið með viðvörun ef kjötprósentan er utan við eðlileg mörk (30-55%).

Í reitinn "einstaklingsmerki" á að birtast lambanúmer með eða án bæjarnúmers fyrir framan. Þegar um fullorðna gripi er að ræða þá eru gerðar kröfur um að þar standi síðasta tala í fæðingarári og síðan gripanúmer. Frjálst er hvort að bæjarnúmerið sé fyrir framan númerið. Það sem birtist hér er það sem skráð er í sláturhúsinu. Ef að af einhverjum sökum ekki er hægt að skrá einstaklingsmerki (t.d. ef vantar merki) þá geta sláturhúsin skráð það í "önnur merking". Þá þarf bóndinn að finna út hvaða grip um ræðir og skrá sjálfur inn einstaklingsmerkið og leiðrétta. Þegar listinn er orðinn réttur þá á að "lesa inn í gagnagrunn" og þá tæmist listinn, utan þeirra sem enn eru vitlaust skráðir.

Sérstaklega þarf að gæta þess að ekki hafi orðið víxlun á gripum og/eða að gripum sé van eða ofaukið í skránni. Mannleg mistök geta alltaf hafa orðið, bæði við aflestur merkja og skráningu í sláturhúsi.




Ef svo vill til að sláturgögnin frá sláturhúsunum eru það vitlaus að ekki borgar sig að leiðrétta þau þá er hægt að skrá þau handvirkt í gegnum síðu sem heitir "Skrá slátrun". Einnig er þessi síða notuð ef engin sláturgögn berast frá sláturhúsi eða þegar um heimaslátrun er að ræða.

Undir flipanum ”Veldu gripi á búinu” er hægt að velja ær, lömb eða hrúta og opnast eftir því í glugganum ”til slátrunar” listi af öllum lifandi gripum búsins.
Einn gripur er valinn í einu, skráð er sláturdagsetning og hægt er að skrá fallþunga, vöðva og fituflokk. Aðeins eru gerðar kröfur um að skrá dagsetningu, sláturhús og vigtunaraðferð.

## Skrá þunga




Þungaskráningin getur verið tvennskonar. Hægt er að skrá þunga þar sem búið er að velja saman gripi í hóp fyrirfram með því að fara í “skrá hóp” út frá vinstri stiku. Þetta getur verið til bóta ef aðeins ákveðinn hluti lamba var vigtaður í einu, t.d. þegar lömbum er beitt á grænfóður. Þessi hópskráning tengist á engan hátt uppgjörshópum.
Í þungaskráningunni er hægt að velja hvort skráður er þungi á hóp eða án hóps (fullorðið eða lömb). Síðan er valið hversu margar þungaskráningar á að skrá. T.d. ef lömbin voru vigtuð tvisvar yfir haustið þá er hægt að skrá báðar þungaskráningarnar í einu. Einnig ef verið er að skrá þunga á fullorðna gripi þá er hægt að skrá haust, miðsvetrar og vorvigtunina á sama tíma.




Ef valið er að skrá vigtun á hóp, hópurinn valinn úr lista og síðan valið að “skrá þunga” þá opnast önnur síða þar sem hópurinn er í lista. Síðan er dagsetning vigtunar og þungi skráður. Á sama hátt þá opnast ný síða ef valið er að skrá þunga án hóps (fullorðið eða lömb). Hægt er að takmarka listann hjá lömbum án hóps við það hvort lömbin séu dauð eða lifandi (x fyrir aftan lambanúmerið merkir að lambið sé dautt). Hægt er að skrá lífþunga á dauð lömb þ.e. ef búið er að staðfesta sláturupplýsingarnar áður en lífþunginn er skráður. Þetta er hins vegar ekki ráðlegt því kerfið gerir ráð fyrir því að skráð sé í réttri tímaröð. Ekki er hægt að skrá lífþunga hjá dauðum fullorðnum gripum.

## Hópar




Hægt er að búa til hópa í Fjárvís.is. Hópaskráningin er ekki notuð við að flokka gripi til uppgjörs heldur er þetta ætlað fyrir bændur til hægðarauka við að skipta hjörðinni upp t.d. í fóðrunarhópa, vigtunarhópa og beitarhópa.
Skráðir hópar birtast í lista en aðeins þeir sem hafa verið búnir til á yfirstandandi framleiðsluári. Til að sjá eldri hópa þarf að velja “birta alla hópa”. Til að sjá hvaða gripir tilheyra hópnum er valið “nánar”. Þegar það er valið opnast ný síða þar sem hægt er að taka gripi úr hópnum, bæta í hann eða að eyða hópnum.
Ef valið er að nýskrá hóp þá opnast einnig ný síða. Þar er hægt að velja gripi í hópinn og gefa honum nafn. Fyrir aftan nafnið kemur framleiðsluárið sjálfkrafa inn.




## Beitarsvæði

Fjárvís.is býður uppá það að skrá beitarsvæði og að halda utanum hvaða gripir eru á því. T.d. skráning á lömbum sem eru á grænfóðri. Þetta byggist á því að búið sé að skrá hóp sem inniheldur alla viðeigandi gripi.

Upplýsingar um beitarsvæðið eru fyrst skráð s.s heiti og stærð þess. Síðan er hópurinn valinn og fjöldi beitardaga hans á beitarsvæðinu.




## Skrá afdrif lamba

Þessi síða er einkum notuð þegar ásetningslömbum er gefið gripanúmer. Einnig er gert grein fyrir öðrum afdrifum lambanna, þ.e. hvort þau drápust um sumarið, um haustið eða vantar af fjalli. Þá er hægt að skrá að þau bíði slátrunar en þá þarf ekki að gefa þeim gripanúmer enda verði þeim slátrað þá um veturinn. Ef breyta þarf upplýsingum um afdrif lamba t.d. ef taka þarf merkinguna "bíður slátrunar" af eða ef lamb sem er merkt "vantar af fjalli" heimtist, þá er það gert í gegnum "fjárleitina" og afdrifalykillinn valinn. Þá opnast síða þar sem hægt er að breyta afdrifunum.



Hægt er að merkja við “sækja ásett lömb sem hafa ekki gripanúmer”. Mikið er af tvöföldum gripum í kerfinu vegna þess að tengsl lambamerkis og fullorðinsnúmers hefur rofnað af ýmsum orsökum. Með þessu móti er hægt að velja lömb sem enn eru á lífi í kerfinu og gefa þeim gripanúmer. Ef gripanúmerið er þegar til þá spyr kerfið hvort um sama grip sé að ræða. Ef það er samþykkt þá eru þessi tvöfaldi gripur sameinaður í einn í einn í kerfinu. Hér er bara um fortíðarvanda að ræða og ekki verður þörf á þessum möguleika í framtíðinni.

## Skrá atburð




Hér er hægt að skrá ýmsa atburði á gripina. Sem dæmi má nefna tannlos, júgurbólga, slæmir fætur, slasaðist o.s.frv. Ekki er boðið upp á sömu atburðaskráningu hjá hrútum, ám og lömbum. Meðal þess sem hægt er að skrá um lömb er að þau séu síðheimtungar og séu ómarktæk til einkunnar. Hægt er að skrá ótakmarkað marga atburði á hvern grip. Hægt er að skrifa valfrjálsan texta í athugasemdir.

## Dómaskráning




Lambadómar eru skráðir annað hvort beint í gegnum Fjárvís.is eða með því að lesa inn dómaskrá frá ráðunautaútgáfu Fjárvís BS.

Þegar lambadómar eru skráðir inn þá er lambanúmerið fyrst stimplað inn og síðan valið hvort um fulla skráningu sé að ræða þ.e. þegar full skráning er á hrútlömbum, þá þarf einnig að merkja við ef skrá á fótlegg.

Þegar lambanúmerið hefur verið slegið inn og valið að “sækja” þá birtast upplýsingar um lambið. Ef búið er að skrá lífþunga þá kemur síðasta vigtunin sjálfkrafa inn. Ef kynið er ranglega fært þá er hægt að fara beint í “nánar um lamb” og breyta kyninu þar. Þegar verið er að skrá annað hvort gimbrar eða hrúta í röð þá kemur kerfið með viðvörun ef annað kyn er skráð á lamb í kerfinu en síðasta lamb sem var skráð inn í kerfið hafði.

# Tækjalisti

**Þessi búnaðarsambönd nota tæki nr. 1 (hollenskt tæki):**

Búnaðarsamband Austurlands
Búnaðarsamband Suðurlands
Búnaðarsamband Norður Þing
Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Leiðbeiningarmiðstöð Skagfirðinga
Búnaðarsamtök Vesturlands (Vestfirðir)

**Þessi búnaðarsambönd nota tæki nr. 2 (skoskt tæki):**

Búnaðarsamtök Vesturlands
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Búnaðarsamband Suður Þing (Ari Teitsson)

Þegar lambadómurinn er skráður þá þarf bara að skrá dagsetningu og tæki á fyrsta lambinu en síðan er það fast. Aldrei þarf að slá inn punkt eða kommu. T.d. í ómfitu þá þarf ekki að skrá inn 2,7 heldur skal skrá 27 og ýta síðan á enter og þá fer bendillinn í næsta dálk.

## Dómayfirlit

Í dómayfirliti sést fjöldi þeirra lamba sem búið er að skrá dóma á, þar er hægt að velja yfirlit út frá ýmsum forsendum, einnig er hægt að raða eftir hvaða dálk sem er ef klikkað er á feitletrað heiti dálksins efst.




| Gripur | Faðir | Móðir | Þ.kg. | Ómv. | Ómf. | Lag. | Fótl. | Haus | Fr.p. | B+útl. | Bak | Malir | Læri | Ull | Samr. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 (07-421) | 06-065 Mósi | 02-138 Snotra | 40 | 22 | 4.6 | 3.5 | 0 | 0 | 8.0 | 0 | 0 | 0 | 16.0 | 7.5 | 0 | 31.5 |
| 3 | 00-868 Áll | 03-941 Deila | 43 | 30 | 2.8 | 3.5 | 111 | 8 | 7.5 | 8 | 8.5 | 8 | 16.5 | 8.0 | 8 | 80.5 |
| 4 | 00-868 Áll | 03-941 Deila | 45 | 27 | 2.2 | 3.5 | 106 | 8 | 8.0 | 8 | 8 | 8.5 | 17.0 | 8.0 | 8 | 81.5 |
| 5 (07-063 Ver) | 00-868 Áll | 01-760 Anita | 50 | 30 | 2.8 | 3.5 | 112 | 8 | 8.0 | 8.5 | 8.5 | 8.5 | 17.5 | 8.0 | 8 | 83.0 |
| 6 (07-404) | 00-868 Áll | 01-760 Anita | 41 | 32 | 2.8 | 4.0 | 0 | 0 | 8.5 | 0 | 0 | 0 | 17.5 | 8.0 | 0 | 34.0 |
| 7 | 05-969 Hvellur | 04-040 Erring | 34 | 23 | 4.9 | 3.5 | 0 | 0 | 8.5 | 0 | 0 | 0 | 16.5 | 8.0 | 0 | 33.0 |
| 8 (07-358) | 05-969 Hvellur | 04-040 Erring | 36 | 30 | 2.5 | 4.0 | 0 | 0 | 8.5 | 0 | 0 | 0 | 17.0 | 7.5 | 0 | 33.0 |
| 9 | 05-969 Hvellur | 04-040 Erring | 42 | 29 | 2.5 | 3.5 | 104 | 8 | 8.0 | 8.5 | 8.5 | 8.5 | 16.5 | 8.0 | 8 | 82.0 |
| 10 | 03-975 Máni | 99-597 Flekka | 44 | 22 | 3.4 | 3.0 | 109 | 8 | 8.0 | 8 | 7.5 | 8 | 16.5 | 7.5 | 8 | 79.5 |
| 11 | 03-975 Máni | 99-597 Flekka | 39 | 25 | 3.7 | 3.5 | 111 | 8 | 8.0 | 8 | 7.5 | 8 | 16.5 | 8.5 | 8 | 80.5 |
| 12 | 03-946 Busi | 01-747 Adda | 46 | 28 | 3.7 | 4.0 | 103 | 8 | 8.0 | 8.5 | 8.5 | 8.5 | 17.0 | 7.5 | 8 | 82.0 |
| 13 (07-434) | 03-946 Busi | 01-747 Adda | 49 | 32 | 3.7 | 4.0 | 0 | 0 | 8.5 | 0 | 0 | 0 | 16.5 | 8.0 | 0 | 33.0 |

# Afkvæmarannsókn




Í Fjárvís.is er hægt að gera afkvæmarannsókn á hrútum. Annars vegar er hægt að gera rannsókn út frá lambadómum og hins vegar út frá sláturmatinu.
Fyrst er valið hvort af þessum tveimur uppgjörum er unnið og og síðan valið hvaða hrúta á að gera upp. Hægt er að velja alla félagshrúta ef t.d. aðrir en heimahrútar voru notaðir á búinu. Einnig er hægt að hafa sæðingahrúta til samanburðar en slíkt uppgjör er ekki hægt að nota frekar. Þegar uppgjör er gert á lifandi lömbum þá þarf að velja á milli þess að nota hrúta eða gimbrar í uppgjörinu en þegar valið er uppgjör út frá kjötmati þá eru tekin með öll lömb sem búið er að slátra, hvort sem það eru hrútar eða gimbrar. Uppgjörið er reiknað eftir því hve veigamikið hlutfall vöðva og fitu er valið. Afkvæmarannsóknir almennt eru gerðar með 60% fita og 40% vöðvi.
Þegar búið er að velja hvers konar rannsókn á að gera þá er smellt á “sækja hrútalista” Þá birtast þeir hrútar sem hafa tilskilinn fjölda lamba á bak við sig. Síðan eru þeir hrútar sem eiga að vera með í rannsókninni fluttir í boxið hægra megin og smellt á “sækja lambalista”. Þá koma upp öll lömb undan hrútunum. Ef einhver lömb eru ómarktæk af einhverjum sökum þá er hægt að taka þau út úr rannsókninni með því að færa þau í boxið hægra megin. Síðan er smellt á “Reikna uppgjör”.




Við þetta opnast ný síða með niðurstöðum afkvæmarannsóknarinnar. Þar er hægt að vista uppgjörið. Aðeins er hægt að vista tvö uppgjör á ári. Annars vegar fyrir sláturlömb og hins vegar fyrir lifandi lömb. Heildaruppgjör verður samhliða til. Ef nýtt uppgjör er vistað þá eyðist það sem fyrir var.

## Skráning á sölu gripa




Þegar gripir eru seldir á milli býla (ekki bara lánaðir tímabundið) þá þarf að færa þá í grunninum frá söluaðilanum yfir á kaupandann. Seljandinn verður að byrja á því að fara í “skrá sölu gripa” og velja þar þá gripi sem eru seldir. Þeir eru valdir úr boxi með því að velja grip og smella síðan á örina sem vísar í boxið hægra megin. Einnig er hægt að halda niðri ctrl takkanum og velja hér og þar úr listanum og færa alla í einu. Síðan er móttökubúið valið úr lista og valið að “skrá”. Svo fremi sem kaupandinn er ekki búinn að staðfesta kaupin þá getur seljandinn nálgast gripinn aftur ef hann gerði mistök í skráningunni. Þá breytir hann eða eyðir úr síðustu skráningum neðst á síðunni eða fer í “kaup/sala yfirlit” og breytir því þar.

## Kaup á gripum




Þegar söluaðilinn er búinn að staðfesta söluna þá koma viðkomandi gripir upp í glugga hjá kaupandanum á síðunni “kaup á gripum”. Þar verður kaupandinn að staðfesta kaupin með því að gefa gripnum gripanúmer og velja “skrá”. Ef gripirnir eru fullorðnir þá hafa þeir gripanúmer sem ekki verður breytt. Ef lambanúmerið er ekki þegar til á kaupbúinu þá er hægt að nota lambanúmerið og skrá án þess að gefa gripanúmer. Ráðunautar geta staðfest kaup á gripum ef kaupandinn hefur ekki aðgang að Fjárvís.is en þá verða þeir að vita hvaða gripanúmer á að gefa þeim.

## Skil að hausti

Ekki er hægt að skila haustuppgjöri fyrr en búið er að gera grein fyrir afdrifum allra lamba. Þegar því er lokið skal velja úr hægri stiku, “skil að hausti”. Ef enn eru ófrágengin afdrif þá kemur það upp í lista en annars er hægt að velja “skila uppgjöri”. Þar með er hægt að fara að vinna á næsta framleiðsluári. Athugið að ef af einhverjum orsökum afdrif lamba breytist eftir að uppgjöri er skilað þá koma þau ekki til uppgjörs en tilheyra samt því framleiðsluári. Sem dæmi eru síðheimtungar og lömb í páskaslátrun.

**Nokkrar reglur um framleiðsluár sem notandinn verður ekki var við:**
Ef notandi skráir hluti aftur í tímann skráist færslan á það framleiðsluár sem dagsetningin tilheyrir. Framleiðsluárið byrjar 1.10. yyyy.

Þegar notandi er að vinna í rauntíma fara allar skráningar á opið framleiðsluár (þ.e. nema þær dagsetningar sem eru minni en upphaf opins framleiðsluárs. Þegar notandi skilar haustgögnum (í síðasta lagi 1. mars) lokar hann opnu framleiðsluári og nýtt opnast frá og með dagsetningunni 1.10 yyyy.
Allar skráningar á lömb (gripir sem ekki hafa fengið gripanúmer) fara á framleiðsluár fæðingarárs lambsins.

## Yfirlitssíður

Hægt er að sækja ýmiskonar yfirlit. Þ.e. Fangyfirlit, Burðaryfirlit, Sláturyfirlit, Afkvæmayfirlit, Atburðaryfirlit, Þungayfirlit, Yfirlit yfir fjölda lamba, Kaup/Sala yfirlit og Kynbótamat.
Öll þessi yfirlit er hægt að takmarka að umfangi með því að velja ákveðið leitarskilyrði, s.s framleiðsluár, föður, móður, afdrif o.s.frv. Ef ekkert er valið heldur aðeins er smellt á Leita, þá birtast allar færslur sem passa við yfirlitið, en að hámarki 1000 færslur.
Ef gripur er valinn með því að smella á gripanúmerið þá opnast síðan "nánar um grip". Yfirlitin gefa færi á að breyta og eyða þeim skráningum sem yfirlitið nær til. Það er gert með því að velja "breyta" eða "eyða" fyrir aftast í línunni hjá hverjum grip.
Í öllum yfirlitum er hægt að opna excel skjal þar sem hægt er að vinna enn frekar með gögnin. Í örfáum tilvikum eru fleiri upplýsingar í excel skjalinu en birtast í sjálfu yfirlitinu.



# Æviferilsskýrsla

Æviferilsskýrslu ánna er hægt að nálgast í gegnum fjárleitina með því að velja . Skýrslan er í pdf skjali og þarf því Acrobat reader til að opna það. Forritið Acrobat reader fylgir flestum tölvum í dag en ef það vantar er hægt að nálgast það á síðunni http://www.adobe.com/ Hægt er að velja æviferilskýrslu forfeðranna með því að smella á þá.

**Búsnúmer:** 1633941 **Kirkjubæjarklaustur 2 - 15Z12** **Fjárræktarfélagsnúmer:** 1902

## 00-029 Gríma

200021633941029

**Fæðingarbú:** 1633941 Kirkjubæjarklaustur 2 - 15Z12 **Framleiðsluár:** 2007

| | Ómmælingar | | | |
|---|---|---|---|---|
| Litur | Vöðvi | Fita | Lögun | BLUP |
| 11 | | | | 106.8 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Faðir:** | 95-841 Massi | **Móðir:** | 93-329 Hv. Hyrnd |
| **Föðurfaðir:** | 94-351 Garpur | **Móðurfaðir:** | 87-521 Snúður |
| **Föðurmóðir:** | - | **Móðurmóðir:** | 87-729 Stubbsd. |

| Ár | Lambanúmer | Gripanúmer | Faðir | Fætt | Kyn | Litur | Burður | Gekk | Lífþungi | Fallþungi | ÓmV / Kjöt | ÓmF / V.Fl | Lögun / F.Fl | Afdrif / Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | | 29 | 2.1 | 3.5 | Lamb sett á |
| 06 | 0192 | 06-516 | 03-946 | 07.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 47 | | | | | |
| | | | | | | | | | | | 26 | 1.7 | 3.5 | Lamb sett á |
| 06 | 0193 | 06-646 | 03-946 | 07.05 | 2 | 11 | 2 | 2 | 45 | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 05 | 0291 | | 02-505 | 19.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 39 | 15.5 | 39.7 | 11 | 5 | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 05 | 0292 | | 02-505 | 19.05 | 2 | 11 | 2 | 2 | 39 | 14.6 | 37.4 | 08 | 5 | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 04 | 0291 | | 03-517 | 13.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | | 16.7 | | 08 | 5 | |
| | | | | | | | | | | | 29 | 2 | | Lamb sett á |
| 04 | | 04-444 | 03-517 | 13.05 | 2 | 11 | 2 | 2 | 40 | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 03 | 0291 | | 02-507 | 13.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 41 | 16.8 | 41 | 08 | 8 | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 03 | 0292 | | 02-507 | 13.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 40 | 16.4 | 41 | 08 | 8 | |

1 09.02.2007

**Búsnúmer:** 1633941 **Kirkjubæjarklaustur 2 - 15Z12** **Fjárræktarfélagsnúmer:** 1902

| Ár | Lambanúmer | Gripanúmer | Faðir | Fætt | Kyn | Litur | Burður | Gekk | Lífþungi | Fallþungi | ÓmV / Kjöt | ÓmF / V.Fl | Lögun / F.Fl | Afdrif / Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 02 | 0291 | | 98-572 | 17.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 35 | 14.5 | 41.4 | 05 | 5 | |
| | | | | | | | | | | | | | | Slátrað |
| 02 | 0292 | | 98-572 | 17.05 | 1 | 11 | 2 | 2 | 36 | 15.6 | 43.3 | 08 | 5 | |
| | | | | | | | | | | | | | | Vantar af fjalli |
| 01 | 0291 | | 97-570 | 25.05 | 1 | 11 | 2 | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | 22 | 3 | | Slátrað |
| 01 | 6221 | | 97-570 | 25.05 | 2 | 11 | 2 | 1 | 38 | 16.1 | 42.4 | 08 | 9 | Vanið undir 96-622 |

**Afdrif:**

**Dánardags:**

**Athugasemdir um ána** **Dagsetning**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ærin hefur borið** 6 **sinnum.** | | **Meðalvöðvaflokkur afkvæma:** | 8 |
| **Heildarfjöldi lamba:** | 12 | **Meðalfituflokkur afkvæma:** | 6 |
| **Þar af sett á:** | 3 | **Meðallífþungi afkvæma:** | 40 |
| **Þar af slátrað:** | 8 | **Meðalfallþungi afkvæma:** | 15.8 |

**Sölubú:**

# Stilling á Internet Explorer svo tölvan birti alltaf nýjustu uppfærslu Fjárvís.is.

Farið í Tools og þar í Internet Options. Undir General og Temporary Internet Files er valið Settings. Þá opnast gluggi þar sem velja á Every visit to the page og velja svo OK.
Rétt er að benda á að Fjárvís.is er þróað í netvafranum Internet explorer. Upp gætu komið villur/vandamál við keyrslu kerfisins í öðrum vöfrum.






# Opna Excel skjal í Fjárvís.is

Svo excel skjöl opnist í excel en ekki vafranum þá þarf tölvan að hafa ákveðna stillingu.
Opnið My Computer og veljið Tools. Þar veljið þið Folder Options.
Undir liðnum File Types þarf að velja XLS (Microsoft Excel Worksheet). Þá er valið Advanced og opnast þá nýr gluggi (Edit File Type).
Þar á aðeins að vera hakað við Confirm open after download. Síðan er OK valið.




